

---

## Gas- og jarðgerðarstöð Sorpu

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 26. janúar 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Sorpu um breytingu á fyrirhugaðri gas- og jarðgerðarstöð Sorpu í Álfsnesi, Reykjavíkurborg samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjavíkurborgar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Gas- og jarðgerðarstöð Sorpu. Fyrirspurn um matsskyldu. Mannvit verkfræðistofa, janúar 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Reykjavíkurborg með tölvubréfi dags. 1. mars 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 31. janúar 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 9. febrúar 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 13. febrúar 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfi dags. 22. febrúar 2018.

Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis og Mosfellsbær óskuðu eftir því með símtali dags. 5. febrúar 2018 að fá að gefa umsögn um tilkynninguna, en ákváðu eftir skoðun á fyrirbyggjandi gögnum framkvæmdaraðila að þess væri ekki þörf.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu bs. var send Skipulagsstofnun í desember 2013 í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Í febrúar 2014 lá ákvörðun Skipulagsstofnunar fyrir og var niðurstaðan sú að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Því skuli framkvæmdin ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Sú framkvæmd sem hér er til umfjöllunar felur í sér breytingu á þeim áformum sem Skipulagsstofnun tók ákvörðun um í febrúar 2014. Breytingin felst í því að gasgerðartankar verða færðir um 100 m til vesturs og verði staðsettir við enda jarðgerðarstöðvarinnar. Fyrir vikið muni tankarnir ná í um 40 m hæð eða um 10 m hærra en áður var ráðgert. Tankarnir munu eftir framkvæmdir verða um 10 m lægri en fyrirhuguð fylling. Fyrirhuguð breyting á mannvirkjum er til samræmis við þá útfærslu sem samþykkt í deiliskipulagi fyrir svæðið.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að við útfærslu stöðvarinnar hafi reynst skilvirkara gagnvart vinnsluferli, hreinsun og vistfræðilegu fótspori að hafa hlutföll tanka þannig að þeir væru allt að 18 m háir í stað 5 – 7 m eins og ráðgert var. Fram kemur að í deiliskipulagsferli hafi verið gerð



sýnileikagreining vegna hækkunar tankanna sem hafi verið kynnt umsagnaraðilum og almenningi. Ákvæði séu í skipulaginu um að hæð tanka skuli ekki ná yfir 50 m h.y.s. sem sé sú hámarkshæð fyllingar sem sé í gildi fyrir urðunarsvæðið. Fram kemur að sá hluti lóðarinnar sem snúi að verksmiðjureit gas- og jarðgerðarstöðvarinnar sé í dag í rúmlega 20 m h.y.s. og með 2 m púða undir mannvirkin myndu 18 m háir tankar því ná í um 40 m h.y.s. Hæð þeirra yfir sjó yrði því 10 m lægri en endanleg hæð fyllingarinnar (50 m) og þeir því ekki sjáanlegir frá byggð og golfvelli þrátt fyrir meiri hæð. Ekki sé gert ráð fyrir að sjónræn áhrif aukist við færslu tankanna enda hafi færsla þeirra það í för með sér að tankarnir séu fjær íbúðabyggð.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

### Ásýnd

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að fyrst og fremst sé um að ræða breytingu á sjónrænum áhrifum. Í undirbúningi deiliskipulags hafi áhrif á ásýnd vegna gasgerðartankanna verið skoðuð sérstaklega. Áhrif á ásýnd frá íbúðabyggð í Leirvogstungu og frá golfvelli sunnan Leirvogs hafi verið talin óveruleg. Bæði hafi verið sýnt hvaðan mannvirkin myndu sjást miðað við núverandi hæð urðunarsvæðis og þegar urðunarsvæðið væri fullnýtt í 50 m y.s. Fram kemur að mannvirki stöðvarinnar verði að mestu í hvarfi frá nálægðri íbúðabyggð, auk þess sem sjónræn áhrif muni dvína eftir því sem nýtingu urðunarsvæðisins vindi fram vegna hækkandi fyllingar. Framkvæmdaraðili telur að um sé að ræða minniháttar breytingu frá fyrri tilkynningu sem sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur í umsögn sinni gera þurfi betri grein fyrir sjónrænum áhrifum í Reykjavík, m.a. af Kjalarnesi, því ekki sé ljóst af myndum hvort mannvirki muni blasa við þaðan.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að varðandi færslu gasgerðartankanna þá sé hvorki farið út fyrir skilgreint skipulagssvæði né sé um að ræða færslu yfir á hærri eða meira áberandi stað. Á mynd sem fylgi tilkynningunni megji sjá að sjónrænna áhrifa gæti fyrst og fremst út á sjó. Með nýrri staðsetningu tankanna sé ekki gert ráð fyrir að sjónræn áhrif muni aukast og eigi það einnig við um Kjalarnes og aðra hluta Reykjavíkur enda sé um minniháttar tilfærslu að ræða.

Reykjavíkurborg, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Minjastofnun Íslands og Umhverfisstofnun telja að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við staðfest aðalskipulag 2010-2030 og deiliskipulag.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð byggingaleyfi Reykjavíkurborgar skv. skipulagslögum og lögum um mannvirki.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða breytta staðsetningu og hærri gasgerðartanka frá því sem fjallað var um í tilkynningu um matsskyldu gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu í Álfsnesi sem Skipulagsstofnun tók ákvörðun um 20. febrúar 2014. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og tl. 11.02 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.



### **Eðli framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal m.a. taka mið af eðli framkvæmdar, s.s. stærð og umfangi, mengun og ónæði. sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umrædd framkvæmd felst í breytingu á hæð og staðsetningu gasgerðartanka Sorpu bs. í Álfsnesi. Um er að ræða 10 m hækkun og 100 m tilfærslu innan lóðar. Fyrir liggur samþykkt deiliskipulag þar sem umhverfisáhrif umræddra breytinga voru metin. Að mati Skipulagsstofnunar mun aukin hæð gasgerðartankanna hafa óveruleg aukin sjónræn áhrif í Staða-, Víkur- og Borgarhverfum og í Saltvík á Kjalarnesi eftir breytinguna m.v. framlögð gögn. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

### **Staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, m.a. með tilliti til landnotkunar sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun, verndarsvæða og álagspóls náttúrunnar. Áhrif framkvæmdar ber einnig að skoða í ljósi viðmiðanna hér að ofan, einkum með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tileknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrirhuguð framkvæmd er tilkomin vegna stefnu um að draga úr urðun lífræns úrgangs og sem mótvægisáðgerð til að draga úr lyktarmengun frá urðunarstaðnum í Álfsnesi. Í undirbúningi deiliskipulagsins var gerð sjónlínugreining á áhrifum vegna hækkunar og færslu gasgerðartankanna en hún leiddi í ljós að sjónræn áhrif af hækkun bygginga væru lítil miðað við fullnýtt urðunarsvæði. Umrædd breyting er líkleg til að hafa óveruleg neikvæð áhrif á landslag og ásýnd og draga mun úr áhrifunum þegar urðunarsvæðið verður komið upp í endanlega hæð.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda felast fyrst og fremst í sjónrænum áhrifum. Áhrifin eru að mati Skipulagsstofnunar bundin við afmarkað svæði og ekki líkleg til að hafa áhrif á marga. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli og eiginleika hugsanlegra áhrifa umræddra breytinga á fyrirhugaðri framkvæmd ekki á að hún undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 13. apríl 2018.

Reykjavík, 7. mars 2018

Jakob Gunnarsson

Matthildur B. Stefánsdóttir